

STJÓRNARTÍÐINDI A 5 – 1997

27. febrúar 1997

31

Nr. 10

LÖG

**um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, o.fl.
(vegna samnings Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun
með fíkniefni og skynvilluefni og samnings um þvætti,
leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum).**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

3. Fyrir brot gegn 264. gr., framið innan íslenska ríkisins enda þótt frumbrotið sem ávinningur stafar frá hafi verið framið erlendis og án tillits til hver var að því valdur.

2. gr.

Við 3. tölul. 1. mgr. 69. gr. laganna bætist: eða muni sem keyptir eru fyrir ávinninginn. Ef ekki er unnt að færa fullar sönnur á fjárhæð ávinnings er dómara heimilt að áætla fjárhæðina.

3. gr.

173. gr. b laganna fellur brott.

4. gr.

Ný 264. gr. laganna færast í XXVII. kafla og verður svohljóðandi:

Hver sem tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings af broti samkvæmt lögum þessum skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum. Sömu refsingu skal sá sæta sem geymir eða flytur slíkan ávinning, aðstoðar við afhendingu hans eða stuðlar á annan samþærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af broti. Nú er brot ítrekað eða stórfellt og getur refsing þá orðið varðhald eða fangelsi allt að 4 árum.

Refsing getur orðið fangelsi allt að 10 árum ef um ræðir ávinning af broti skv. 173. gr. a.

Ef ávinningur er smávægilegur og engin sérstök atvik auka saknæmi brotsins skal mál eigi höfðað nema almenningshagsmunir krefjist.

Sé brot framið af gáleysi varðar það sektum eða varðhaldi. Varði brotið sem ávinningur stafar frá ekki þyngrri refsingu en varðhaldi má láta refsingu falla niður.

II. KAFLI

Breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

5. gr.

Við 1. mgr. 33. gr. laganna bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Meðferð ávinnings af brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í 264. gr. almennra hegningarlaga. Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

III. KAFLI

Breyting á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65 21. maí 1974.

6. gr.

Á eftir 4. gr. laganna bætist við ný grein, 4. gr. a, svohljóðandi:

Inn- og útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla og varsla tækja, hluta eða efna til notkunar við ólöglega ræktun, framleiðslu eða tilbúning ávana- og fíkniefna er bönnuð.

Ráðherra er heimilt að tilgreina nánar í reglugerð hvaða efni falla undir 1. mgr. og sérstaklega mikil hætta er talin stafa af samkvæmt alþjóðasamningum.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 2. mgr. verður svohljóðandi:

Meðferð ávinnings af brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í 264. gr. almennra hegningarlaga.

b. 7. og 8. mgr. verða svohljóðandi:

Heimilt er að gera upptækt til ríkissjóðs andvirði ólögmætrar sölu efna sem lögin taka til. Það sama gildir um ávinning af öðrum brotum á lögum þessum, fjárhæð sem svarar til slíks ávinnings og muni sem eru keyptir eru fyrir ávinninginn. Ef ekki er unnt að færa fullar sönnur á fjárhæð ávinnings er dómara heimilt að áætla fjárhæðina. Þá skal og heimilt að gera upptæka hvers konar muni sem notaðir hafa verið eða ætlaðir eru til ólögmætrar meðferðar efna sem lögin taka til.

Ítrekuð brot gegn lögum þessum skulu varða aukinni refsingu, enda sé um að ræða innflutning eða dreifingu þeirra efna sem um getur í 2.–4. gr. a.

IV. KAFLI

Breyting á tollalögum, nr. 55 30. mars 1987.

8. gr.

Við 125. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verður 4. mgr., svohljóðandi:

Meðferð ávinnings af brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í 264. gr. almennra hegningarlaga.

V. KAFLI

Breyting á lögum um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma, nr. 56 19. maí 1993.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Á eftir 2. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þegar fullnusta fer fram á beiðni um eignaupptöku samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni frá 20. desember 1988 gilda ákvæði I. og IV. kafla 2. hluta og I. og IV. kafla 3. hluta laga þessara eftir því sem við getur átt.

Þegar fullnusta fer fram á beiðni um eignaupptöku samkvæmt samningi um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum frá 8. nóvember 1990 gilda ákvæði I. og IV. kafla 2. hluta og I. og IV. kafla 3. hluta laga þessara eftir því sem við getur átt.

b. Í stað orðanna „1. eða 2. mgr.“ í 3. mgr. sem verður 5. mgr. kemur: 1.–4. mgr.

c. Í stað orðanna „1. eða 2. mgr.“ í 4. mgr. sem verður 6. mgr. kemur: 1.–4. mgr.

10. gr.

Í stað orðanna „4. mgr. 2. gr.“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: 6. mgr. 2. gr.

11. gr.

Í stað orðanna „4. mgr. 2. gr.“ í 26. gr. laganna kemur: 6. mgr. 2. gr.

12. gr.

Í stað orðanna „4. mgr. 2. gr.“ í 1. mgr. 39. gr. laganna kemur: 6. mgr. 2. gr.

VI. KAFLI

Breytingar á lyfjalögum, nr. 93 20 maí 1994.

13. gr.

Við 2. mgr. 43. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Meðferð ávinnings af brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í 264. gr. almennra hegningarlaga.

VII. KAFLI

Gildistaka.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. febrúar 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Björn Bjarnason.

LÖG

**um breyting á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla,
með áorðnum breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. másl. 1. mgr. 25. gr. laganna orðast svo: Sveitarstjórnir skulu greiða upphæð er svarar til 1,3% af dagvinnulaunum kennara og skólastjóra í sveitarfélaginu í sérstakan sjóð er Samband íslenskra sveitarfélaga annast rekstur á og varðveitir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 10. mars 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Björn Bjarnason.